

BÓLUSETNINGAR BJARGA MANNSLÍFUM

Sumir foreldrar á Vesturlöndum telja bóluefni varasöm, láta ekki bólusetja börnin sín og stofna þannig öðrum börnum í hættu. Í öðrum löndum vita menn sínu viti. Þeir vilja bólusetningar handa börnum sínum og bólusetningarsamtökin Gavi hafa lagt sig fram um að sinna þessum þörfum. Meðal samstarfsaðila Gavi eru Alþjóðaheilbrigðismálastofnun in, Alþjóðabankinn, ríkisstjórnir 19 landa, Evrópuráðið, OPEC, samtök fyrirtækja sem framleiða bóluefni og fjölmörg önnur fyrirtæki.



Nýtt bóluefni tekið í notkun í Kamerún í september sl. Nýjar aðferðir gera það stöðugt einfaldara að bólusetja lítíl börn.



Bólusett á Haíti 2013.



Til Gavi var stofnað í Davos í Sviss árið 2000 en nýleg samantekt, kynnt á fundi á sama stað, sýnir að síðan hafa Gavi fjármagnað bólusetningar handa um hálfum milljarði barna og í leiðinni líklega bjargað lífi sjö milljóna barna. Á árunum 2011 til 2015 er gert ráð fyrir að bólusett verði 245 milljón börn.

Á ráðstefnu í Berlín í janúar sl. skuldbundu ríkisstjórnir, einkafyrirtæki og góðgerðar-sjóðir sig til að leggja fram sem svarar tæpum þúsund milljörðum króna til þess að fjármagna bólusetningar 2016 til 2020. Gert er ráð fyrir að bólusetja um 300 milljón börn til viðbótar á þessum tíma.

Í tilefni ráðstefnunnar sagði Ibrahim Boubacar Keita, forseti Malí, bólusetningar vera gáfulegustu fjárfestingu sem menn geti gert í heilbrigði og framtíð þjóðanna í þróunarlöndunum. Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, sagðist óttast að enn myndu börn og konur deyja úr sjúkdómum sem bólusetning gæti komið í veg fyrir. Gavi hafi hins vegar unnið stórvirki í að draga úr dauðsföllum.

Fyrir utan bein framlög margra fyrirtækja og stofnana hafa framleiðendur bóluefna skuldbundið sig til að selja áfram bóluefni á lágu verði til landa sem Gavi hafa stutt, eftir að samtökin hafa lokið verkefnum sínum þar.

Formaður Gavi er Dagfinn Høybråten. Hann er mörgum Íslendingum að góðu kunnur. Aðalstarf hans er að stýra Norræna ráðherraráðinu en hann hefur langa reynslu sem þingmaður og ráðherra í Noregi.



Stúlkur í Laos sýna bólusetningarskírteini sín.



Börn stilla sér upp til þess að fá sprautu í Tansaníu.